

Númer: 67/2019

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja
b.t. framkvæmdastjóra og stjórnarformanns

Reykjavík, 27. desember 2019
Tilvísun: 2019120026

Efni: Viðmiðunarreglur EBA um fyrirkomulag útvistunar

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum á fjármálamarkaði, EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, EBA, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur (e. guidelines) og almenn tilmæli (e. recommendations) eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur EBA hafa í kjölfar gildistöku laga nr. 24/2017 ekki verið teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið mun þess í stað birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglnanna ásamt stuttri umfjöllun um innihald þeirra. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglur EBA í eftirlitsframkvæmd, þar með talið vegna könnunar- og matsferlis stofnunarinnar (SREP), auk þess sem Fjármálaeftirlitið mun reglulega annast kynningar á efni þeirra.

Tilgangur viðmiðunarreglna EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar fela í sér nánari útfærslu á ákvæðum tilskipana og reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi, m.a. með breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í þeim.

Viðmiðunarreglur EBA (EBA/GL/2019/02¹) um fyrirkomulag útvistunar

Viðmiðunarreglur EBA um fyrirkomulag útvistunar grundvallast á 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Viðmiðunarreglurnar styðjast jafnframt við 80. og 81. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, 6. mgr. 12. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011 og 6. mgr. 13. gr. laga um útgáfu og meðferðar rafeyris, nr. 17/2013. Viðmiðunarreglur taka til samstæðu fjármálafyrirtækja en gilda einnig um fjármálafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki og greiðslustofnanir á einingagrunni.

¹ Viðmiðunarreglur EBA um fyrirkomulag útvistunar (EBA/GL/2019/02) eru aðgengilegar hér: <https://eba.europa.eu/sites/default/documents/files/documents/10180/2551996/38c80601-f5d7-4855-8ba3-702423665479/EBA%20revised%20Guidelines%20on%20outsourcing%20arrangements.pdf>.

Viðmiðunarreglurnar gera auknar kröfur til fyrirkomulags útvistunar, hvort sem um er að ræða útvistun til innlendra aðila eða vegna kaupa á skýjaþjónustu. Reglurnar ná yfir stefnu um útvistun, skráningar og skjalfestingar á útvistun, undirbúnings og áhættumats á útvistun sem og reksturs útvistaðrar starfsemi.

Ætlast er til að allir nýir útvistunarsamningar sem gerðir verða frá og með 1. janúar 2020 verði undirbúnir og gerðir í samræmi við viðmiðunarreglurnar. Fyrirtæki þurfa að hafa lokið við að skrá og skjalfesta útvistun í samræmi við viðmiðunarreglurnar fyrir 30. júní 2020. Fyrir 31. desember 2020 ættu viðtakendur þessa dreifibréfs að hafa lokið við að yfirfara eldri útvistunarsamninga í samræmi við viðmiðunarreglurnar.

Viðmiðunarreglur EBA um fyrirkomulag útvistunar koma í stað leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 6/2014 um útvistun að því er varðar þá eftirlitsskyldu aðila sem viðmiðunarreglurnar taka til. Frá og með 1. janúar nk. munu því fjármálafyrirtæki, greiðslustofnanir og rafeyrisfyrirtæki ekki teljast til eftirlitsskyldra aðila sem leiðbeinandi tilmæli nr. 6/2014 ná til. Fjármálafyrirtæki, greiðslustofnanir og rafeyrisfyrirtæki þurfa hins vegar áfram að starfa í samræmi við 3. kafla leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila, en þó með þeirri undantekningu að kafla 3.1 um skýjaþjónustu gildir ekki um lengur um starfsemi þeirra.


Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur EBA á heimasíðu eftirlitsins og taka mið af þeim í starfsemi sinni í samræmi við gildissvið þeirra. Fjármálaeftirlitið styðst við viðmiðunarreglurnar við mat á því hvort fjármálafyrirtæki, greiðslustofnanir og rafeyrisfyrirtæki uppfylli kröfur samkvæmt þeim ákvæðum í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem fjallað er um í þessu dreifibréfi.

Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.


Fjármálaeftirlitið fyrirhugar að halda kynningu á viðmiðunarreglunum sem verður auglýst nánar síðar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Finnur Sveinbjörnsson



Halldór Pétursson